



Ársskýrsla
peningavættisskrifstofu
ríkislögreglustjóra
fyrir árið 2006



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



ÁRSSKÝRSLA PENINGAÞVÆTTISSKRIFSTOFU
RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA
FYRIR ÁRIÐ 2006



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík
September 2007

Útgefandi: Ríkislögreglustjórnin

www.rls.is

Umsjón: Eyjólfur Ármannsson lögfræðingur

Hönnun og umbrot: Grafika ehf.

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Útgefið í september 2007

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	7
I. INNGANGUR	9
II. ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF – FATF OG EGMONT GROUP	10
III. ÚTTEKT FINANCIAL ACTION TASK FORCE (FATF) Á ÍSLANDI 2006	11
IV. NÝ LÖGGJÖF UM AÐGERÐIR GEGN PENINGAÐVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA	14
V. TILKYNNINGARSKYLDIR AÐILAR SKV. LÖGUM NR. 64/2006	15
VI. TILKYNNINGAR TIL PENINGAÐVÆTTISSKRIFSTOFU UM GRUNSAMLEG VIÐSKIPTI ÁRIÐ 2006	16
VII. FRÆDSLUFUNDIR Á VEGUM PENINGAÐVÆTTISSKRIFSTOFU	17
VIII. ÞRÓUN OG AÐFERÐIR VIÐ PENINGAÐVÆTTI – DÆMI	18
IX. HÆSTARÉTTARDÓMAR SEM FJALLA UM PENINGAÐVÆTTI	20
X. VERKEFNIN FRAM UNÐAN	22





FORMÁLI

Ársskýrsla þessi er unnin með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 626/2006 um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti. Samkvæmt reglugerðarákvæðinu skal peningaþvættisskrifstofa varðveita og birta árlega upplýsingar um fjölda tilkynninga um grunsamleg viðskipti, hvernig tilkynningum er fylgt eftir, fjölda tilvika sem rannsakaður er, fjölda einstaklinga sem eru saksóttir eða dæmdir fyrir peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, verðmæti og tegund eigna sem hafa verið kyrrsettar eða lagt hald á á grundvelli laga um meðferð opinberra mála eða gerðar upptækar á grundvelli almennra hegningarlaga. Peningaþvættisskrifstofa skal einnig miðla nýjustu upplýsingum um aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til tilkynningarskyldra aðila og hvernig unnt sé að greina viðskipti sem falla undir ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hugtakið peningaþvættisskrifstofa er hér notað yfir Financial Intelligence Unit (FIU). Ríkislögreglustjóri annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota. Peningaþvættisskrifstofa er sú eining innan embættis ríkislögreglustjóra þar sem móttaka og meðhöndlun tilkynninga um grunsamlega viðskiptahætti fer fram samkvæmt 17. og 18. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. 1. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 626/2006.





I. INNGANGUR

Á síðustu árum hafa umsvif og mikilvægi íslensks fjármálamarkaðar aukist stórlega í efnahagslífi landsmanna. Íslenskur fjármálamarkaður er nú hluti af hinum alþjóðlega fjármálaheimi og er líklegt að mikilvægi hans eigi eftir að aukast enn frekar á næstu árum, bæði á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Samfara þessari þróun hefur hættan á peningaþvætti og misnotkun fjármálakerfisins aukist til muna hér á landi. Talið er að umfang peningaþvættis í heiminum sé gríðarlegt. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur áætlað að árleg velta peningaþvættis sé í kringum 2–5 % af vergri þjóðarframleiðslu í heiminum og getur það haft áhrif á markaði og smærri hagkerfi. Peningaþvætti heftir frjálsa samkeppni og kemur í veg fyrir að markaðsöflin fái að njóta sín og er því ógn við frjálst markaðshagkerfi.

Peningaþvætti er skilgreint í lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á eftirfarandi hátt: „Þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem auðgunarbroti eða meiri háttar skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum og lyfjalögum. Einnig er átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur að sér að geyma, dylja eða flytja slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.“

Skortur á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka getur haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir fjármálafyrirtæki og fjármálakerfið í heild. Skortur á aðgerðum getur falið í sér mikla rekstraráhættu og haft veruleg áhrif á orðspor íslensks fjármálamarkaðar og viðskiptalífs. Mikilvægt er því að íslensk stjórnvöld og viðskiptalíf leggi áherslu á aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og kappkosti að vera þar í hópi ríkja sem eru í fremstu röð.



II. ALPJÓÐLEGT SAMSTARF – FATF OG EGMONT GROUP

Með vaxandi heimsvæðingu viðskipta og frelsi í fjármagnsflæði milli ríkja hefur peningaþvætti orðið alþjóðlegt vandamál í viðskiptum og er það orðið stór þáttur í alþjóðlegri glæpastarfsemi, svo sem fíkniefnaviðskiptum og hryðjuverkum. Á alþjóðavettvangi hefur barátta gegn þessari þróun verið eflid með afgerandi hætti enda er alþjóðleg samræming mikilvæg í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ísland er aðili að alþjóðlegum vinnuhópi Financial Action Task Force (FATF) sem vinnur að aðgerðum gegn peningaþvætti. Ísland hefur einnig að nokkru leyti tekið þátt í starfi Egmont Group, sem er alþjóðlegt samstarf peningaþvættisskrifstofa.

Financial Action Task Force on Money Laundering (FATF) er alþjóðlegur vinnuhópur sem stofnaður var árið 1989 í París, á leiðtogafundi sjö helstu iðnríkja heims. Hlutverk FATF er að vinna að aðgerðum til að koma í veg fyrir að fjármálakerfið sé misnotað í þeim tilgangi að koma illa fengnu fé í umferð. Árið 2001 var baráttunni gegn fjármögnun hryðjuverka bætt við hlutverk FATF. Þau ríki sem tekið hafa þátt í FATF-samstarfinu hafa verið í fararbroddi í aðgerðum gegn peningaþvætti. Ísland gekk til samstarfs við FATF í september 1991 og með því skuldbatt Ísland sig til að samræma löggjöf og starfsreglur að tillögum FATF.

Hlutverk og starfssvið FATF er þrenns konar. Í fyrsta lagi er hlutverk FATF að semja staðla fyrir aðgerðir í hverju ríki gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í öðru lagi að leggja mat á aðgerðir ríkja til að innleiða þessa staðla og í þriðja lagi að rannsaka og læra að þekkja aðferðir þeirra sem stunda peningaþvætti og fjármagna hryðjuverk. Samin hafa verið tilmæli til aðildarríkjanna um aðgerðir gegn peningaþvætti. Árið 1990 voru 40 slík tilmæli gefin út og þau hafa verið endurskoðuð tvisvar, árið 1996 og 2003, til að tryggja að þau fylgi þróun á þessu sviði. Einnig hafa níu sérstök tilmæli um aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka bæst við. Af hálfu FATF eru lög, reglur og starfsaðferðir hvers aðildarríkis um sig tekin út og skrifaðar eru skýrslur um aðgerðir þeirra. Á fundi helstu iðnríkja heims (G8) í júní 2007 var ákveðið að FATF tæki að sér að vinna að aðgerðum gegn fjármögnun geryðingarvopna.

Egmont Group er alþjóðlegur samstarfsvettvangur fyrir peningaþvættisskrifstofur (FIU) í heiminum og var honum komið á laggirnar árið 1995 til að stuðla að aukinni alþjóðasamvinnu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Yfir hundrað peningaþvættisskrifstofur í jafnmörgum löndum eiga nú aðild að Egmont Group. Ísland er aðili að þessu samstarfi og hefur sótt þar fundi. Nýlega var opnuð skrifstofa í Toronto í Kanada til að styðja við bakið á samstarfinu.

III. ÚTTEKT FINANCIAL ACTION TASK FORCE (FATF) Á ÍSLANDI 2006

Á árinu 2006 gerði Financial Action Task Force (FATF) þriðju úttekt sína á íslensku fjármálakerfi, lagaumhverfi og lagaframkvæmd stofnana og fyrirtækja varðandi aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Matið var byggt á lögum, reglugerðum og öðrum gögnum og upplýsingum sem matsnefndin aflaði í heimsókn sinni á Íslandi 24. apríl til 5. maí 2006. Í heimsókn sinni fundaði matsnefnd FATF m.a. með ríkislögreglustjóra og starfsmönnum efnahagsbrotadeildar og peningaþvættisskrifstofu.

FATF hefur, eins og áður sagði, gefið út 40 tilmæli um aðgerðir gegn peningaþvætti og 9 sérstök tilmæli um aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka. Íslendingar hafa skuldbundið sig til að laga lög-gjöf sína að tilmælum FATF með inngöngu sinni í FATF árið 1991. Matsnefnd FATF bar aðgerðir Íslendinga saman við 40 tilmæli sín vegna peningaþvættis og níu sérstök tilmæli vegna fjármögnunar hryðjuverka. Matsnefndin gaf ferns konar einkunnir fyrir hver tilmæli, Compliant (C), Largely Compliant (LC), Partly Compliant (PC) og Non Compliant (NC). Í október 2006 var skýrsla matsnefndarinnar tekin fyrir og samþykkt á fundi FATF í Vancouver í Kanada. Einkunn Íslands í matskýrslunni var C fyrir 8 tilmæli, LC fyrir 14, PC fyrir 18 og NC fyrir 8 tilmæli. Ein tilmæli áttu ekki við (NA). Í október 2008 verður matskýrslunni fylgt eftir á fundi FATF en þá verða íslensk stjórnvöld að gera FATF grein fyrir aðgerðum sínum er lúta að þeim tilmælum þar sem Ísland fékk einkunnina PC og NC. Ísland þarf því að gera FATF grein fyrir aðgerðum sínum vegna 26 tilmæla. Mikilvægt er að Ísland komi vel út í þeirri eftirfylgni en úttekt sem þessi getur haft veruleg áhrif á orðstír íslensks fjármálakerfis. Benda má á að Norðmenn hafa sent FATF skýrslu upp á 33 blaðsíður sem hluta af eftirfylgni á mati FATF á aðgerðum norskra stjórnvalda. Í skýrslunni eru aðgerðir Norðmanna útlistaðar vegna 16 tilmæla sem fóru í eftirfylgni og fjallað var um í matskýrslu FATF. Í skýrslu Norðmanna kemur m.a. fram að þeir hafi fjárfest fyrir um 4 milljónir evra í nýjum gagnagrunni til að auka getu peningaþvættisskrifstofu sinnar til greiningar á grunsamlegum tilkynningum. Auk þess hafi starfsmönnum í norsku peningaþvættisskrifstofunni verið fjölgað í 17 starfsmenn úr 11,5. Árið 2006 var peningaþvættisskrifstofan á Íslandi með einn starfsmann.

Í matskýrslu FATF koma fram mikilvægar ábendingar um úrbætur sem áriðandi er að hið fyrsta verði farið eftir, ekki síst ábendingar er lúta að hlutverki peningaþvættisskrifstofu, lögreglu og ákærvalds í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.



Um lagaumhverfi og lögregluyfirvöld er fjallað í 2. kafla matsskýrslunnar. Í kaflanum kemur fram sú skoðun að rannsóknar- og ákærvald sinni ekki með fullnægjandi hætti aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í kafla 2.5 í matsskýrslunni er fjallað um peningaþvættisskrifstofuna og starfsemi hennar. Þar er fjallað um tilmæli númer 26 (einkunn Íslands: PC), um peningaþvættisskrifstofu, að hluta til um tilmæli 30 (PC), um fjárveitingar, tæknigetu og þjálfun starfsfólks, og tilmæli 32 (NC), um tölfræðiupplýsingar. Í kafla 2.5 eru gerðar eftirfarandi athugasemdir og tillögur til úrbóta:

- Skortur er á fjármagni og mannafla til að sinna starfsskyldum. Peningaþvættisskrifstofan er ekki sjálfstæð starfseining og er einungis með einn starfsmann sem hefur áhrif á getu hennar til að ná fullnægjandi árangri. Þetta hefur áhrif á getu peningaþvættisskrifstofunnar til að gera langtíma-áætlanir. Fjölga þarf starfsmönnum, auka þjálfun þeirra, setja skýrari markmið og kaupa nauðsynlegan tækjabúnað.
- Starfsemi, mannafla og árangur peningaþvættisskrifstofu hefur ekki aukist þrátt fyrir mikla stækkun fjármálamarkaðarins og fjölgun fíkniefnabrota og tilkynninga um grun um peningaþvætti.
- Þjálfun og menntunartækifæri starfsmanna peningaþvættisskrifstofu er ábótavant. Augljóst er að þá þekkingu þarf að sækja til útlanda.
- Auka þarf alþjóðlega samvinnu við aðila með þátttöku í Egmont Group. Þangað er t.d. hægt að sækja aukna þekkingu á málaflokknum.
- Mjög mikilvægt er að auka skráningu tölfræðiupplýsinga er lúta að greiningu og afdrifum tilkynninga um grun um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Gera þarf ráðstafanir til að tryggja öryggi gagnagrunns og varðveislu hans. Í því skyni þyrfti að koma upp afritunarbúnaði.
- Útbúa þarf staðlað tilkynningareyðublað fyrir alla tilkynningarskylda aðila.
- Útbúa þarf kynningarefni og halda uppi fræðslu fyrir tilkynningarskylda aðila um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Gefa þarf út skriflegar leiðbeiningar til tilkynningarskylda aðila vegna tilkynninga um grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- Gefa þarf út ársskýrslu um þróun á sviðinu og tölfræðilegar upplýsingar, sbr. 13. gr. reglugerð nr. 626/2006.

Kafla 2.6 í skýrslunni ber heitið Löggæsluyfirvöld, ákærvald og önnur stjórnvöld. Þar er fjallað um tilmæli 27 (LC), löggæsluyfirvöld og 28 (C), völd viðeigandi stofnana. Í kafla 2.6 eru gerðar eftirfarandi athugasemdir og tillögur til úrbóta:

- Íslensk stjórnvöld ættu að vinna meiri frumkvæðisvinnu í rannsóknum og ákærum á sviði peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Almenn virðist málaflokknum ekki nægjanlega sinnt.

- Þjálfun rannsóknarmanna og ákærvaldshafa á sviði peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka er ábótavant og ekkert skipulag er til að tryggja reglulega þjálfun.

Í matskýrslu FATF er fjallað um íslenska löggjöf á sviði aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í kafla 2.1 í skýrslunni er fjallað um peningaþvætti sem refsilagabrot, tilmæli 1 (LC) og 2 (PC). Í athugasemdum vegna einkunnargjafar á tilmælum nr. 1 kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Þar sem vopnasala, innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun eru ekki hegningarlagabrot þá eru þessi brot ekki brot sem geta falið í sér peningaþvættisbrot, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga.
- Þátttaka í skipulagðri glæpastarfsemi er ekki hegningarlagabrot.
- Óljóst er hvort sjálfþvætti sé refsivert samkvæmt lögum.

Í athugasemdum vegna einkunnargjafar á tilmælum 2 kemur m.a. fram að refsingar fyrir peningaþvættisbrot virðast vera of vægar, sérstaklega í samanburði við refsingar fyrir sambærileg brot.

Í kafla 2.2 er fjallað um fjármögnun hryðjuverka sem refsilagabrot og sérstök tilmæli II (LC).

Í kafla 2.3 í skýrslunni er fjallað um tilmæli 3 (LC), eignaupptöku, frystingu fjár og hald ávinnings af brotum. Í kafla 2.3 eru gerðar eftirfarandi athugasemdir og tillögur til úrbóta:

- Sönnunarbyrði virðist vera of þung fyrir ákærvaldið, þar sem sanna þarf að ávinningur sé af ákveðnu broti. Styrkja þarf ákvæði um upptöku, sérstaklega þegar brotamaður hefur ekki umráð yfir eigninni.
- Yfirvöld ættu að íhuga ákvæði sem kveða á um eignaupptöku hjá brotamanum sem dæmdur er fyrir alvarleg brot, nema hann geti sannað að eignarinnar hafi verið aflað með löglegum hætti (öfug sönnunarbyrði). Þetta væri sérstaklega áhrifamikil við eignaupptöku í fíkniefnamálum og öðrum alvarlegum málum þar sem eignir eru í vörslu þriðja aðila.
- Stjórnvöld eiga að huga betur að því en nú að gera ávinning af brotum upptækan.
- Ekki hefur verið farið eftir ábendingum frá síðustu matsskýrslu, þar á meðal um að endurskoða ákvæði um eignaupptöku.
- Skortur á tölfræðiupplýsingum gerði matsnefndinni ómögulegt að meta fjárhæð eignaupptöku ólöglegra peninga.

Í annarri úttektarskýrslu GRECO, ríkjahóps Evrópuráðsins um aðgerðir gegn spillingu og stöðu mála varðandi spillingu á Íslandi frá júlí 2004, er fjallað um eignaupptöku í íslenskum rétti. Í skýrslu GRECO er mælt til þess að lagaákvæði um eignaupptöku verði víkkuð og sönnunarbyrðin endurskoðuð við beitingu þeirra til að auka möguleika á notkun slíkra ákvæða í spillingarmálum. Í eftirfylgniskýrslu vegna úttektarinnar frá október 2006 kemur fram að refsiréttarnefnd sé að skoða þessi tilmæli og niðurstaðna sé að vænta innan skamms en í skýrslunni er hvatt til þess að farið verði eftir tilmælunum hið fyrsta.

Mikilvægt er að sem fyrst verði farið eftir þessum tilmælum FATF og GRECO en þau gætu orðið mjög áhrifamikil við að gera ávinning af brotastarfsemi upptækan. Lagaákvæði sem skyldar eignaupptöku hjá brotamanni dæmdum fyrir alvarleg brot, nema hann geti sannað að eignarinnar hafi verið aflað með löglegum hætti (öfug sönnunarbyrði) myndi fela í sér grundvallarbreytingu í baráttunni gegn alvarlegri brotastarfsemi sem oft á tíðum getur verið mjög ábatasöm. Dæmi eru um lagaákvæði af þessu tagi í nágrennalöndum okkar, í Noregi, Danmörku, Bretlandi og á Írlandi og víðar.

IV. NÝ LÖGGJÖF UM AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

Á árinu 2006 voru sett lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006. Lögin voru sett í tengslum við úttekt FATF á aðgerðum Íslendinga á sviðinu og tóku gildi 22. júní 2006. Með nýju lögunum féllu úr gildi eldri lög nr. 80/1993 um aðgerðir gegn peningaþvætti. Með lögunum er verið að innleiða ákvæði þriðju tilskipunar Evrópusambandsins nr. 60/2005/EB, um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverka (þriðja peningaþvættisilskipun ESB). Með tilskipuninni voru nýjustu tilmæli FATF innleidd í Evrópurétt.

Helstu nýjungar í lögunum eru að tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögunum eru taldir upp í stað þess að miða gildissvið þeirra við starfsemi aðila. Aðilum sem falla undir lögin er einnig fjölgað. Í lögunum eru auknar kröfur til tilkynningarskyldra aðila um að þeir þekki viðskiptamann sinn, hver standi í raun að baki viðskiptunum, þ.e. hver sé raunverulegur eigandi. Ítarleg ákvæði eru um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn tilkynningarskyldra aðila. Jafnframt er heimilað að áreiðanleikakönnun verði framkvæmd á grundvelli áhættumats og hversu mikilla upplýsinga um viðskiptamann sé þörf í hverju tilviki. Við ákveðnar aðstæður eru gerðar ríkari kröfur til upplýsingaöflunar þar sem almennt er talið að hætta á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé mikil. Í lögunum er lögmönnum veitt undanþága frá almennti tilkynningarskyldu vegna gruns um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka þegar lagaleg staða skjólstæðings er könnuð og í tengslum við rekstur dómsmáls. Samkvæmt lögunum er tilkynningarskyldum aðilum skylt að tilnefna úr hópi stjórnenda ábyrgðarmann aðgerða gegn peningaþvætti og setja sér skriflegar innri reglur sem miða að því að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé misnotuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Lögin kveða einnig á um skyldu til tilkynningarskyldra lögaðila að búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast með skjótum hætti við fyrirspurnum frá lögreglu eða öðrum lögbærum yfirvöldum.

Auk nýrra laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka var sett reglugerð nr. 550/2006, um tilkynningarskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Einnig var sett reglugerð nr. 626/2006, um

meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti. Í reglugerð nr. 550/2006 kemur fram að þáverandi efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra skuli veita leiðbeiningar um form og efnisatriði tilkynninga um grun um peningaþvætti, t.d. með útgáfu sérstaks eyðublaðs. Í reglugerð nr. 626/2006 er fjallað um peningaþvættisskrifstofu og meðhöndlun tilkynninga vegna grunsemda um peningaþvætti. Ríkislögreglustjóra ber að rannsaka alvarleg brot sem falla m.a. undir 264. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. peningaþvættisbrot, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 804/2007. Saksóknari sem skipaður hefur verið til starfa hjá ríkislögreglustjóranum samkvæmt heimild í lögum um meðferð opinberra mála höfðar mál og flytur mál í umboði ríkislögreglustjórans, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota.

V. TILKYNNINGARSKYLDIR AÐILAR SKV. LÖGUM NR. 64/2006

Tilkynningarskyldir aðilar bera ábyrgð á því að ákvæðum laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim sé framfylgt, sbr. 22. gr. laganna. Tilkynningarskyldum aðilum er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Gildir þetta einkum um viðskipti sem eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins eða virðast ekki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 64/2006.

Tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru eftirtaldir:

- a. Fjármálafyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
- b. Líftryggingafélög og lífeyrissjóðir.
- c. Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum sófnunartengdum tryggingum skv. 23. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994.
- d. Útibú erlendra fyrirtækja sem staðsett eru á Íslandi og falla undir a–c-lið.
- e. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti eða yfirfærslu peninga og annarra verðmæta.
- f. Lögmenn og aðrir lögfræðingar í eftirfarandi tilvikum:
 - i. þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum;
 - ii. þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekktum aðilum.

- g. Endurskoðendur.
- h. Aðrir einstaklingar og lögaðilar þegar þeir í starfi sínu inna af hendi sömu þjónustu og talin er upp í f-lið, t.d. skattaráðgjafar eða aðrir utanaðkomandi ráðgjafar.
- i. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar.
- j. Einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð 15.000 evrur eða meira miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
- k. Þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, sbr. skilgreiningu í 3. gr.
- l. Einstaklingar eða lögaðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga þegar greiddir eru út vinningar.

VI. TILKYNNINGAR TIL PENINGAÞVÆTTISSKRIFSTOFU UM GRUNSAMLEG VIÐSKIPTI ÁRIÐ 2006

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 64/2006 er tilkynningarskyldum aðilum skylt að láta athuga gaumgæflega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka og tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Sams konar ákvæði var í 7. gr. laga nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Á árinu 2006 bárust peningaþvættisskrifstofu alls 323 tilkynningar frá tilkynningarskyldum aðilum samkvæmt lögum nr. 64/2006 þar sem grunur var um peningaþvætti. Engin tilkynning barst vegna gruns um fjármögnun hryðjuverka. Tilkynningarnar flokkast eftir fjárhæðum á eftirfarandi hátt:

	Fjármálafyrirtæki	Fasteignasalar	Erlendir aðilar og aðrir
Tilkynningar samtals: 323	312	1	10
Fjárhæð:			
0–100.000 kr.	18		
101.000–500.000 kr.	201		
0,5–1 milljón kr.	46		2
1-2 milljónir kr.	16		1
2-5 milljónir kr.	10		
5-10 milljónir kr.	10		
> 10 milljónir kr.	5	1	
Ótilgreint	6		7

Nánast allar tilkynningar um grun um peningaþvætti á árinu 2006 komu frá fjármálafyrirtækjum, sem eru tilkynningarskyld samkvæmt a-lið 2. gr. laga nr. 64/2006. Einungis ein tilkynning barst frá öðrum tilkynningarskyldum aðila, frá fasteignasala, en þeir eru tilkynningarskyldar skv. i-lið 2. gr. Vekur þetta spurningar um vitneskju tilkynningarskylda aðila, annarra en fjármálafyrirtækja, um lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og mikilvægi þeirra.

Þær tilkynningar sem berast peningaþvættisskrifstofu eru rannsakaðar og yfirleitt sendar áfram til upplýsinga- og eftirlitsdeildar lögreglunnar í Reykjavík (frá áramótum 2006-2007 lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu). Þaðan eru tilkynningarnar sendar til fíkniefnadeildar lögreglunnar eða staðar-lögreglu, þar sem þær eru notaðar í rannsóknum mála. Á árinu 2006 leiddi engin tilkynning um grun um peningaþvætti til saksóknar af hálfu efnahagsbrotadeildar.

VII. FRÆÐSLUFUNDIR Á VEGUM PENINGAÞVÆTTISSKRIFSTOFU

Peningaþvættisskrifstofa stóð árið 2006 fyrir tveim fræðslu- og kynningarfundum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þeir voru haldnir hjá Kaupþingi banka hf., 12. janúar 2006, og hjá Orator, félagi laganema, 2. febrúar 2006.

Árið 2005 voru haldnir fjórir fræðslufundir um aðgerðir gegn peningaþvætti. Tveir þeirra voru haldnir í Sparisjóðabankanum fyrir alla sparisjóðina, 26. janúar og 16. febrúar 2005, og tveir hjá Kaupþingi banka hf., 24. nóvember og 8. desember 2005.

Árið 2004 voru haldnir sex fræðslufundir um aðgerðir gegn peningaþvætti. Fundirnir voru haldnir hjá Kaupþingi banka, 12. júní; Sparisjóði Hafnarfjarðar, 25. október; Landsbankanum hf., 25. nóvember; Íslandsbanka hf. (nú Glitnir banki hf.), 30. nóvember 2004; og í Lögregluskóla ríkisins, 26. október og 23. nóvember 2004,

Stefnt er að því að halda fleiri fræðslufundi í framtíðinni fyrir tilkynningarskylda aðila og kynna löggjöf um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og þróun á sviðinu, nýjustu aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eftir því sem aðstæður leyfa og hvernig unnt sé að greina viðskipti sem falla undir ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

VIII. ÞRÓUN OG AÐFERÐIR VIÐ PENINGAÞVÆTTI – DÆMI

Sífelld er verið að finna upp og þróa nýjar aðferðir við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og er þróunin ör á þessu sviði ólögmetrar starfsemi. Mikilvægt er því fyrir tilkynningarskylda aðila að fylgjast vel með nýjustu aðferðum sem notaðar eru við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Með því móti geta þeir frekar orðið varir við að verið sé að nota starfsemi þeirra til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Bæði FATF og Egmont Group gefa út dæmi (typology) um aðferðir sem notaðar hafa verið við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

FATF gefur reglulega út skýrslur þar sem farið er yfir þróun málaflokksins á mismunandi sviðum fjármála- og viðskiptalífs og eru þar reifuð dæmi um aðferðir sem hafa verið notaðar við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (Report on Money Laundering and Terrorist Financing Typologies). Hægt er að nálgast þessar skýrslur á heimasíðu FATF (www.fatf-gafi.org). Í hverri af þessum skýrslum FATF hafa verið tekin fyrir ákveðin svið viðskiptalífsins. Tilkynningarskyldir aðilar eru hvattir til að kynna sér vel efni þessara skýrslna, sem eru eftirfarandi:

- Í sérstökum skýrslum frá árinu 2006 eru tekin fyrir ákveðin efni. Þar er fjallað um peningaþvætti í vöruflutningum, með nýjum greiðslumiðlum og misnotkun fyrirtækja og þjónustuaðila á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu.
- Í skýrslu fyrir árin 2004–2005 er m.a. fjallað um váttryggingastarfsemi og mansal.
- Í skýrslu fyrir árin 2003–2004 er m.a. fjallað um fjármögnun hryðjuverka í tengslum við góðgerðarstarfsemi og peningasendingar, og um váttryggingastarfsemi og peningaþvætti.
- Í skýrslu fyrir árin 2002–2003 er m.a. fjallað um fjármögnun hryðjuverka, peningaþvætti á verðbréfamarkaði og gull- og demantamörkuðum, sem og þróun á sviði váttrygginga og greiðslukorta.
- Í skýrslu fyrir árin 2001–2002 er m.a. fjallað um fjármögnun hryðjuverka, millibankaviðskipti, einka-bankaviðskipti og verðbréf.
- Í skýrslu fyrir árin 2000–2001 er m.a. fjallað um netbankaþjónustu og fjárhættuspil á Netinu.

Egmont Group hefur einnig komið á framfæri dæmum um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hér á eftir eru nokkur dæmi um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fengin eru hjá FATF og Egmont Group, auk þess sem eitt dæmi er tekið frá Íslandi.

Dæmi 1: Kaup á uppboði *Meðlimir skipulagðs glæpahóps sem fluttu inn kannabísefni voru handteknir af lögreglu sem einnig lagði hald á um 2,5 milljónir Bandaríkjadala. Glæpahópurinn stundaði m.a. peningaþvætti með kaupum á verðmætri vöru á almennum uppboðum. Hinir grunuðu höfðu m.a. keypt á uppboðunum hús og bát. Áreiðanleikakönnun uppboðshaldara á upplýsingum um viðskiptamann og um uppruna fjárens fólst einungis í því að hinir grunuðu gáfu upp upplýsingar um vinnustað sinn.*

Dæmi 2: Vátrygging Aðili sem stundaði peningaþvætti keypti eigna- og slysatryggingu vegna skips sem í raun var ekki til. Hann greiddi háar fjárhæðir fyrir vátrygginguna og sveik fé út úr tryggingarmiðlurunum þannig að bótakröfur voru reglulega greiddar út. Aðilinn var mjög varkár og gætti þess að tryggingakröfurnar væru ávallt lægri en tryggingagjöldin þannig að vátryggjandinn hagnaðist nokkuð á vátryggingunni. Með þessum hætti gat aðilinn þvættað fé. Fjármunirnir virtust koma frá virðulegu tryggingafélagi og fáir drógu í efa uppruna fjárens eftir að hafa séð nafn tryggingafélagsins tengt við greiðslur fjárens.

Dæmi 3: Líftrygging Aðili lagði inn eina milljón evra í reiðufé hjá líftryggingafyrirtæki í tveimur lífeyrstryggingum með eingreiðslu (*single premium life policies*) sem voru greiddar út með 40% tapi miðað við fjárfestinguna í öðru ríki til þess að reyna að losna undan kröfuhöfum aðilans sem hafði lýst sig gjaldþrota með sviksamlegum hætti.

Dæmi 4: Vátrygging Í janúar 2004 tilkynnti einstaklingur í Noregi tryggingafélagi sínu um innbrot í hús sitt. Samkvæmt tilkynningunni hafði verið stolið skartgripum að virði 1.100.000 íslenskra króna. Samkvæmt upplýsingum einstaklingsins hafði hann selt bát fyrir 27 milljónir króna og fengið skartgripi að virði 5 milljónir króna sem hluta af greiðslunni. Einstaklingurinn hafði áður verið með lágar tekjur og engar eignir. Árið 2000 hafði hann ekki haft neinar tekjur og engar eignir. Árið 2001 voru tekjur hans 430 þúsund krónur og árið 2002 höfðu tekjur hans hækkað í 2,33 milljónir króna. Annaðhvort gat ekki staðist að hann væri raunverulegur eigandi þessa verðmæta báts eða hann hafði greitt fyrir hann með fjármunum fengnum með ólöglegum hætti.

Dæmi 5: Peningasendingar – fjármögnun hryðjuverka Tveir Norður-Afríkumenn, búsettir í Evrópu, fóru ítrekað í sömu gjaldeyris skiptastöðina til peningasendinga til nokkurra aðila í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Það vakti grunsemdir að viðskiptamennirnir sendu peningana ávallt á mismunandi heimilisföng og notuðu mismunandi undirskriftir við peningasendingarnar. Greining peningaþvættisskrifstofu sýndi að peningasendingarnar áttu sér stað nokkrum mánuðum fyrir 11. september 2001. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að einstaklingarnar voru þekktir undir mismunandi nöfnum og að þeir, ásamt nokkrum móttakendum peningasendinganna, sættu rannsókn vegna gruns um aðild að hryðjuverkasamtökum sem tengdist hryðjuverkaárásinni 11. september 2001. Báðir einstaklingarnir hafa verið dæmdir.

Dæmi 6: Millifærslur – fjármögnun hryðjuverka Evrópubúi bað banka sinn um að greiða tiltekna upphæð af banka-reikningi sínum til góðgerðarsamtaka í öðru Evrópulandi. Tilmælin sem fylgdu millifærslunni vísuðu til fjárstuðnings við ákveðinn einstakling. Upplýsingar frá peningaþvættisskrifstofu sýndu að samtökin voru tengd við ákveðna hópa tengdum hryðjuverkum. Enn fremur var nafn einstaklingsins sem átti að vera þiggjandi greiðslanna á lista Sameinuðu þjóðanna yfir einstaklinga og samtök sem grunuð voru um tengsl við hryðjuverk.

Dæmi 7: Innflutningur Fíkniefnainnflytjendur á Íslandi stofnuðu hlutafélög bæði hér á landi og í Þýskalandi. Fyrirtækið flutti inn tölvuvarning sem var verðlaus en var verðlagður mjög hátt samkvæmt innflutnings skjölum. Greitt var fyrir vruna með tékkum gefnum út á þýska fyrirtækið auk innflutningsgjalda og tolla af varningnum. Þessir tékkar voru síðan leystir út í banka í Þýskalandi.



IX. HÆSTARÉTTARDÓMAR SEM FJALLA UM PENINGAÞVÆTTI

Nokkrir hæstaréttardómar hafa fallið á síðustu árum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningaþvætti. Eftirfarandi hæstaréttardómar eru dómar sem hafa fallið frá árinu 2001.

H.347/2004, 28.04.2005 Á og K voru sakfelldir fyrir hylmingu, með því að hafa veitt viðtöku fé, sem S hafði dregið sér í starfi sínu hjá L hf., haldið því ólöglega fyrir eiganda þess og hagnýtt það í eigin þágu og féлага sem þeir áttu að hluta eða öllu leyti. Þá var R sakfelldur fyrir peningaþvætti, með því að hafa á sama hátt veitt viðtöku fé, sem S hafði dregið sér, og hagnýtt það í eigin þágu eða ráðstafað því til annarra. Við ákvörðun refsingar Á og K var litið til þess að brot þeirra vörðuðu fjölmargar greiðslur, sem spönnuðu yfir talsverðan tíma, og voru flestar að verulegri fjárhæð. Námu brotin alls stórfelldri fjárhæð, sem átti sér ekki hliðstæðu í öðrum dómsmálum. Með því að K hafði á hendi fjárvörslur þeirra að meginstofni og átti rikari þátt í verknáðinum var nokkur munur gerður á refsingu þeirra. Var Á gert að sæta fangelsi í 15 mánuði en K í 18 mánuði. Refsing R var ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

H.333/2003, 20.11.2003 Í málinu var S sakfelldur fyrir að hafa í hagnaðarskyni staðið fyrir stórfelldum innflutningi fíkniefna, annars vegar á árinu 1998 og hins vegar á árinu 2001. Einnig fyrir að hafa á árinu 1998 haft í vörslu sinni umtalsvert magn fíkniefna sem hann hafi ætlað til sölu hér á landi. H var sakfelldur fyrir að hafa tvívegis á árinu 2001 tekið við umtalsverðu magni fíkniefna frá S og að hafa selt þau eða ætlað að selja þau hér á landi. A var sakfelld fyrir hlutdeild í broti S þar sem hún hafði annast milligöngu í fíkniefnaviðskiptum S og H. Einnig þótti A hafa gerst sek um peningaþvætti með því að hafa tekið við peningum fyrir S, sem hún hefði vitað að voru ávinningur af fíkniefnasölu. Þegar litið var til þess að S hafði með innflutningi á miklu magni fíkniefna gerst sekur um stórfellda skipulega brotastarfsemi í auðgunarskyni þótti refsing hans hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. H var dæmdur í tveggja ára fangelsi. A var dæmd í 2 ára skilorðsbundið fangelsi. Fíkniefni sem lagt hafði verið hald á voru gerð upptæk, sem og peningar sem fundust í fórum sakborninga og lögregla hafði lagt hald á við rannsókn málsins.

H.241/2001, 08.11.2001 G var ásamt tveimur meðákærðu sakaður um að hafa komið undan um 8.500.000 krónum, sem var ávinningur af fíkniefnaviðskiptum. Upphaf brots þessa var með tilviljanakenndum hætti og ljóst virtist vera að frumkvæðið að meðferð fjárens hefði komið frá meðákærðu. Atvik málsins þóttu ótvírætt benda til þess að G hefði gert sér grein fyrir því að umræddir fjármunir væru illa fengnir og tengdust fíkniefnaviðskiptum. G hafði engu að síður unnið að því með meðákærðu að koma fénu undan. Féll háttsemi hans undir hugtakið peningaþvætti og lýsingu brots í ákæru. G var einnig sakfelldur fyrir hylmingarbrot og fíkniefnabrot. Var refsing hans ákveðin fyrir öll brotin í einu lagi samkvæmt 77. gr. alm. hegningarlaga. Með hliðsjón af málsatvikum og löngum sakarferli G þótti refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði. G var og gert að sæta upptöku á 100.000 krónum, jafnvirði þeirrar fjárhæðar sem hann hafði aflað með broti sínu, auk þess sem upptæk voru gerð fíkniefni sem fundust við leit lögreglu á heimili hans og ýmsir munir sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

H.161/2001, 08.11.2001 E var ákærður fyrir fíkniefnabrot með því að hafa keypt og mótttekið um 150 g af kókaíni, neytt þess sjálfur og dreift til tveggja nafngreindra manna hérlendis. Þá var hann ákærður fyrir peningaþvætti með því að hafa í tvö skipti tekið við reiðufé af SP, sem hann hefði vitað að væri ávinningur hins síðarnefnda af sölu fíkniefna. Annars vegar var um að ræða 2.000.000 krónur, sem hann hefði tekið við ásamt meðákærðu G og notað helming þess

fjár til eigin nota. Hins vegar var um að ræða 4.150.000 krónur, sem hann hefði tekið við og geymt í bankahólfi sínu. Jafnframt var SG hdl. ákærður fyrir að hafa gert málamyndakaupsamning milli E og SP um kaup hins síðarnefnda á einkahlutafélaginu R ehf. fyrir 4.150.000 krónur og að hafa með því að varðveita lykil að bankahólfi E tekið að sér vörslu þess reiðufjár sem E tók við frá SP og geymdi í bankahólfinu. Í héraðsdómi var talið sannað að E hefði keypt, neytt og deilt með öðrum um 100 g af kókaíni og jafnframt að hann hefði vitað að það reiðufé sem hann tók við frá SP hefði verið ágóði af fíkniefnasölu og að hann hefði með því gerst sekur um peningaþvætti. Héraðsdómur taldi aftur á móti ekki unnt að vefengja staðhæfingar SG um að hann hefði talið sig sinna skyldum sínum sem lögfræðilegur ráðunautur E og veitt honum ráð og aðstoðað á grundvelli rangra upplýsinga þess síðarnefnda. Samkvæmt því yrði að miða við framburð SG um að hann hefði ítrekað gefið E þau ráð að tilkynna lögreglu um viðskipti sín við SP, enda hefði SG hvorki talið né mátt telja að E væri viðriðinn brotastarfsemi. Taldi héraðsdómur að framburður SG væri trúverðugur og að ósannað væri að hann tengdist brotinu á annan hátt en hann hélt fram. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu E en þyngdi refsingu hans úr 15 í 20 mánuði. Um ákæru á hendur SG tók Hæstiréttur fram að ákærvaldið hefði ekki gert kröfu um ómerkingu héraðsdóms þrátt fyrir að héraðsdómur hefði metið framburð SG trúverðugan. Við svo búið þættu ekki efni til að beita ákvæði 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Með vísan til þessa og þar sem sakfelling SG fengi ekki nægan stuðning í öðrum gögnum yrði að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu hans. Þá staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um upptöku eigna.

H.200/2001 08.11.2001 B var sakfelldur fyrir peningaþvætti samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa á rúmlega tveggja ára tímabili, í 66 skipti, tekið við samtals 12.106.500 krónum frá S og skipt þessum peningum fyrir S í erlenda mynt í íslenskum peningastofnunum, enda þótt hann vissi að peningarnir væru afrakstur S af fíkniefnasölu hans og að S hygðist nota þá til frekari fíkniefnakaupa í útlöndum. Refsing B þótti hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi. Átalið var að rannsókn málsins hjá lögreglu fyrir útgáfu ákæru hefði ekki verið sem skyldi.



X. VERKEFNIN FRAM UNÐAN

Verkefni peningaþvættisskrifstofu á næstunni eru að bregðast sem fyrst við athugasemdum og tilmælum FATF sem koma fram í matskýrslu FATF um skrifstofuna og greint er frá í kafla III hér að framan. Þáttur í því er að endurbæta tölvukerfi peningaþvættisskrifstofunnar með hliðsjón af greiningu tilkynninga og öflun tölfræðiupplýsinga. Koma þarf á fræðslu til tilkynningarskyldra aðila skv. 2. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Skortur á tilkynningum frá öðrum en fjármálafyrirtækjum gefur til kynna að þörf sé á því. Þá þarf einnig að auka þjálfun og menntunarmöguleika starfsmanna peningaþvættisskrifstofu sem nýst gæti í rannsóknnum mála og fræðslu. Í því sambandi þarf að auka þátttöku í alþjóðasamstarfi, t.d. við aðila innan Egmont Group. Eins og áður sagði verður eftirfylgni á matskýrslunni á fundi FATF í október 2008. Þá verða stjórnvöld að gera FATF grein fyrir aðgerðum sínum er lúta að þeim 26 tilmælum þar sem Ísland fékk einkunnina PC og NC. Mikilvægt er að Ísland komi vel út í þeirri eftirfylgni en úttekt sem þessi getur haft veruleg áhrif á orðstír íslensks fjármálakerfis og viðskiptalífs.

